

173. Stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands bs.

2. júní 2009, kl. 10:00.

Örn Þórðarson, Ragnheiður Hergeirsdóttir, Ólafur Áki Ragnarsson og Guðmundur Tryggvi Ólafsson sem ritaði fundargerð í tölvu.

1. Samningur við Sorpu.

Stjórn SOS staðfestir samning við Sorpu. Stjórn Sorpu hefur einnig staðfest samninginn. Samningurinn kveður m.a. á um að Sorpa taki við sorpi og endurvinnanlegum efnum af starfsvæði SOS.

2. Samkomulag um samstarfsvettvang.

Stjórn SOS staðfestir samkomulag um framkvæmd svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs á Suðvesturlandi. Formaður SOS er tilnefndur í stjórn verkefnisins.

3. Fundur með fulltrúum landbúnaðar á Suðurlandi.

Haldinn var 22. maí fundur með fulltrúum landbúnaðar á Suðurlandi. Lagt fram minnisblað frá fundinum.

4. Aukaaðalfundur 3. júní.

Aukaaðalfundur undirbúinn.

5. Önnur mál.

- a. Lagt fram bréf frá Íslenska gámafélaginu, dagsett 25 maí 2009 varðandi samninga milli Sorpu og SOS. Staðfestur hefur verið samningur milli SOS og Sorpu um móttöku og meðhöndlun úrgangs og endurvinnanlegra efna af starfsvæði Sorpstöðvar Suðurlands í tengslum við fyrirhugaða lokun urðunarstaðarins á Kirkjuferjuháleigu.
- b. Árangur blátunnuverkefnis í Ölfusi. Framkvæmdastjóri upplýsti að meirihluti af þeim 300 blátunnum sem voru keyptar eru komnar í notkun í sveitarfélaginu og fyrsta söfnunarferðin hefur verið farin.
- c. Kynningarfundur Sambands íslenskra sveitarfélaga. Fundurinn ræddur.
- d. Kynningarfundur um starfsleyfi Sorpstöðvar Suðurlands. Kynningarfundur um starfsleyfi SOS verður haldin 2. júní kl 17:00.
- e. Niðurstöður eftirlits 27. apríl sl. Eftirlit Umhverfisstofnunar fór fram 27. apríl sl. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við reksturinn.
- f. Umsögn um frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs. Til kynningar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:45